

	Flutt kr.	2090 00	<b>141</b>
6. Afborgun og vextir af Skjálfandafljótsbrúarláni . . . . .	—	81 48	
7. Kostnaður við notkun fangahússins á Eskifirði . . . . .	—	50 00	
8. Óviss útgjöld . . . . .	—	400 00	
9. Eptirstöðvar . . . . .	—	678 52	
	Alls kr.	3300 00	

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Skrifstofu austuramtsins, Akureyri, 21. ágúst 1895.

*Páll Briem.*

## Axel Valdemar Tulinius,

142

settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu

**Kunngjörir:** Samkvæmt fyriræmum laga nr. 18, 22. maí 1890, 6. gr., hefur sýslunefndin í Norður-Múlasýslu gjört svolátandi

### Samþykkt

um lækning hunda af bandormum o. fl. í Norður-Múlasýslu.

#### 1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir af sýslunefnd 2—6 menn, til að lækna hunda af bandormum, og hafa eptirlit með því, að fylgt sje fyriræmum 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890.

#### 2. gr.

Lækningamenn þessir skulu tvisvar á ári safna að sjer öllum hundum í hreppnum, sem eldri eru en missirisgamlir, og skulu þeir tilkynna eigendum með viku fyrirvara, hvenær hundarnir eiga að koma til lækningar, er fer fram haust og vor, í mánuðunum apríl—maí og október—nóvember. Skytt er eigendum hundanna, að flytja þá á lækningastaðinn.

#### 3. gr.

Þá er lækningamenn hafa safnað hundunum að sjer, skulu þeir taka 5 hunda til lækninga í senn hver um sig, binda þá eða mýla í úthýsi, þó ekki í heyhlöðum eða fjárhúsum, með böndum eða múlum, sem sýslan leggur til. Síðan skal gefið hverjum hundi inn 6 gröm af Arekadufti, úthrærðu í 2 vænum matskeiðum af laxerolíu, eða 8 gröm af Kamaladufti, úthrærðu í vatni eða mjólk, tvisvar sinnum, með 12 tíma millibili. Meðalið skal gefa á fastandi maga. Lækningin stendur yfir í sólarhring, og þann tíma mega hundarnir einkis neyta.

#### 4. gr.

Þá er hundarnir hafa verið inni í 24 tíma, og meðalið hefur verkað, skulu þeir baðaðir úr *fjárbaði* og því næst afhentir eigendunum aptur. Hús það, er hundarnir hafa verið í, skal vandlega hreinsa, og allur saur úr þeim brenndur eða grafinn, að minnsta kosti 2 álnir í jörð niður, og vandlega hulið yfir.

## 5. gr.

Lækningamenn skulu halda nákvæmum spurnum fyrir um flækingshunda, er enginn finnst eigandi að, og gjöra ráðstafanir til þess, að þeir sjeu tafarlaust drepnir, ef enginn vill taka þá að sjer.

## 6. gr.

Lækningamenn skulu hafa bók, sem löggilt er af sýslumanni; skulu þeir rita í hana skrá yfir hundaeigendur í hreppnum, og tölu þeirra hunda, er þeir hafa haft til lækninga það árið frá hverjum einum, og enn fremur þá, er þeir hafa látið drepa. Fyrir hver árslok skulu þeir senda til oddvita sýslunefndarinnar skýrslu samkvæmt bókinni, til að leggja fram á næsta sýslufundi.

## 7. gr.

Sýslusjóður borgar öll meðul, bönd og múla á hundana, 50 aura fyrir lækningu á hverjum hundi, og 1 krónu fyrir hvern hund, sem drepinn er samkvæmt 5. gr.

## 8. gr.

Alla sulli úr slátruðu fje, og hausa af höfuðsóttarkindum, skal brenna.

## 9. gr.

Lækningamenn skulu iðulega áminna menn um, að hafa sterka gæzlu á því, að hundar nái ekki í matar- eða vatnslát, nje þeir fái að liggja í rúmum manna. Börnum skal alls eigi leyft að leika sjer að hundum.

## 10. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum, 5—10 krónur, eptir mála-vöxtum.

Þetta er öllum hlutaðeigendum til vitundar gefið.

Skrifstofu Norður-Múlasýslu, 13. ágúst 1895.

A. V. Tulinius,

settur.

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs austuramtsins 1894.

## Tekjur:

1. Í sjóði 1. jan. 1894:			
a. Í sparisjóði . . . . .	kr. 1700 00		
b. Í peningum . . . . .	— 34 72	1734 72	
2. Hluti Skaptafellssýslu . . . . .		296 06	
3. Búnaðarskólagjald 1894:			
a. Úr Suður-Pingeyjarsýslu . . . . .	kr. 56 54		
b. Austur-Skaptafellssýslu . . . . .	— 31 67	88 21	
		<hr/>	
		Flyt	2118 99